

Skólaráðsfundur 11. okt. 2012 kl. 15.

Fundur settur kl. 15:00

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri

Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, , Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjór, Helga Guðjónsdóttir varamaður fulltrúa starfsmanna, Hreiðar Örn Zoega Stefánsson fulltrúi foreldra, Vilborg Sveinsdóttir fulltrúi kennara, Ari Páll Karlsson formaður nemendaráðs og Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara.

Forföll boðaði: Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins

Vantar: Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra

Funda verður á 6.vikna fresti en oftast ef þurfa þykir og hentar þessi fundartími og dagur áfram.

1. Starfsáætlun skólaráðs

Lagt til að fundir verði 11.okt., 22. nóv. 17. jan. 28.feb. 11.apríl og 23. maí. Kjósa þarf fulltrúa kennara og starfsmanna en þeir voru kosnir til tveggja ára sem rann út í sl. vor.

2. Skólabyrjun

Mikil þrengsli í skólanum, öll litlu rýmin uppbókuð meira og minna. Kennt í 3 nýjum húsum. Skólabyrjun farið vel á stað fyrir utan „mótorhjólheimsókn“ inn í matsal. Ef einhver atvik koma upp sambærileg þá þarf að láta skólaráð vita og senda póst fyrir heim til foreldra, slæmt þegar foreldrar fréttu þetta fyrst frá börnum sínum. Búið að endurskoða áætlun áfallateymis í kjölfarið á þessu atviki.

3. Erindi frá umboðsmanni barna

Hávaði í skólum: búið að gera mælingar og sum svæði í skólanum t.d. salur, göngugata, stofa 205 og fleiri rými koma illa út. Búið að gera kostnaðaráætlun og gera ráð fyrir þessu á fjárhagsáætlun næsta árs.

Öryggi á skólalóðum og leiksvæðum barna: Reyna að nýta svæðið betur á bak við skóla sem leiksvæði sérstaklega þar sem 1. og 2. bekkur er.

Vilborg spurði hvort að ekki hefði verið rætt um að girða af skólalóðina. Jóhanna sagði að svo væri ekki. Nemendur leika sér einnig mikið á bílastæðinu sem ekki er æskilegt og þyrfti að stoppa.

Girða á meðfram Hjallahlíðinni og skólans.

Slysavarnir og skyndihjálp:

Brunavarnir:

Eineltir og annað ofbeldi:

4. Jóhanna fór lauslega yfir Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum og Verklagsreglur um starfsemi fagráðs eineltismála í grunnskólum. Árborg hefur unnið verklagsreglur sem önnur sveitarfélög mega nota og ætlar Jóhanna að fara betur í það næst með skólaráði
5. **Mötuneyti:** 600 nemendur í mat sem er örlítill aukning í fyrra og svo eru 290 1.-7.bekk nemendur í ávaxtabita

Önnur mál:

-Snagar og töskugeymslur: Taka þarf þessi mál fyrir á svæðum unglinga svo dótið þeirra liggja út um allt.

-Hrekkjavökuball í okt, vinaball í nóv. og jólaball í des. fyrir elsta stig. Nemendaráð ætlar svo að hafa ball fyrir 6. og 7.bekk og beiðni hefur komið um að nemendur í 10.bekk haldi ball fyrir 5. bekk sem fjáröflun.

-Beiðni frá Hreiðari um að Skólaráð hitti nemendaráð 1-2 á ári.

-Umræður um það hvort að banna ætti auglýsingar með töskupósti þó svo að þær tengist Mosfellsbæ heldur að senda eingöngu með tölvupósti.

-Ari Páll spurði hvort að væri hægt að fá sófana aftur. Síðustu sófasett hafa verið eyðilögð, brotin og skorin. Umgengni hefur verið hrikalega léleg. Síðustu sófar kostuðu á aðra milljón og ekki var hægt að gera við þá þar sem grindin var mölbrotin og dæmdu Á.Guðmundsson þá óhæfa til viðgerðar.

-Hugmynd rædd hvort að betra sé að nemendur á elsta stigi eigi sína heimastofur í stað þess að þeir flakki á milli. Núna eru það kennarar sem eiga sínar stofur en nemendur flakka á milli en dótið er þeirra út um allt í staðinn.